

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. janúar 2023
UST202210-079/H.G.
06.04.07

Efni: Íþróttamannvirki Hauka að Ásvöllum – umsögn um byggingarleyfi

Umhverfisstofnun vísar í erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 6. janúar 2022 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um byggingarleyfi til að byggja knattús að Ásvöllum í Hafnarfirði.

Stofnunin vill vekja athygli á að hún hefur veitt umsagnir á fyrri stikum:

- Tillögu að breytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi þann 3. febrúar 2020¹
- Umhverfisskýrslu deiliskipulagsbreytingarinnar þann 16. október 2020²
- Matsskyldufyrirspurn dags. 14. maí 2021³
- Matsáætlunina dags. 13. janúar 2022⁴
- Umhverfismatsskýrsluna dags. 18. júlí 2022⁵

Þar sem framkvæmdasvæðið liggur upp við Ástjörn sem er friðlýst sem friðland og fólkvangur skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt til framkvæmda utan friðlýsts svæðis ef hún getur haft áhrif á verndaragildi friðlýsta svæðisins, sbr. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ástjörn

Samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu Ástjarnar við Hafnarfjörð nr. 189/1978 er bannað að skerða gróður, trufla dýralíf og skaða varp. Þá er losun mengandi efna á vatnasviði Ástjarnar óheimil, skv. auglýsingu um stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall nr. 658/1996. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í byggingarleyfinu.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að ákvörðunin um byggingarleyfið tekur mið af meginreglum sem mælt er fyrir um í II. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Við framkvæmdir skal til að mynda gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll, sbr. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

¹ Umsögn um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi: https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Tillaga_-_breyting_%c3%a1_a%c3%b0alskipulagi_Hafnarfjar%c3%b0ar_2013_-_2025_og_breyting_%c3%a1_deiliskipulagi_-_%c3%ad%c3%ber%c3%b3ttasv%c3%a6%c3%b0i_Hauka_-_%c3%81svellir.pdf

² Umsögn um umhverfismatskýrslu deiliskipulagsbreytingarinnar <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Umhverfissk%C3%BDrsla%20fyrir%20deiliskipulag%20-%20C3%81svellir%20-%20Hafnarfjar%C3%B0arb%C3%A6r.pdf>

³ Umsögn um matskyldufyrirspurn <https://www.ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/U%20M%3%81U%20MSF%20%3%81svellir%20uppbygging%20%3%ad%c3%ber%c3%b3ttasv%c3%a6%c3%b0is.pdf>

⁴ Umsögn um matsáætlun: https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20-%20mats%c3%a1%c3%a6tlun%20Haukar%20%3%81sv%c3%b6llum_undirritu%c3%b0.pdf

⁵ Umsögn um umhverfismatskýrslu: <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20UST%20um%20UMS%20-%20%3%81svellir%20%3%ad%c3%ber%c3%b3ttamannvirki.pdf>

Í álitum Skipulagsstofnunar er bent á að sá hluti hraunsins sem ekki hefur verið raskað er alls staðar sprunginn í stórar blokkir. Það er því engin ástæða til að ætla annað en að sá hluti hraunsins sem er undir núverandi knattspyrnuvöllum og kemur til með að lenda undir knatthúsinu sé jafn sprunginn. Skipulagsstofnun telur því alls ekki hægt að líta á berggrunninn undir knatthúsinu sem einn gegnheilan og samfelldan bergmassa.

Ástjörn er myndað við að nútímahraun rann á svæðinu og myndaði fyrirstöðu svo vatn safnast fyrir í dalverpi. Nútímahraunið er myndar fyrirstöðuna rann ofan á undirliggjandi klöpp og þrátt fyrir að klöppin sé ef til vill þétt er hraunið það ekki. Því eru líkur á því að vatn út tjörninni muni renna inn í grunn knattspyrnuhúsins á framkvæmdatíma sem dæla verður burt svo hægt sé að vinna. Mögulega þarf að dæla stöðugt úr grunni húsins eftir að húsið verður risið. Hætta er á að þetta rennsli vatns úr Ástjörn muni hafa áhrif á hæð vatnsborðs í tjörninni með alvarlegum afleiðingum.

Viðbragðsáætlun

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að til staðar sé viðbragðsáætlanir áður en framkvæmdir hefjast. Þar þarf að mæla fyrir um um aðgerðir sem grípa þurfi til að bregðast við áhrifum á umhverfi friðlýsta svæðisins. Þar þarf meðal annars að koma fram viðbrögð ef vart verði við breytingar á vatninu, ef vísbendingar eru um mengun og ef grunur er að áhrif eru á fuglalíf. Stofnunin bendir jafnframt á að samkvæmt álitum Skipulagsstofnunar er nauðsynlegt að stöðva framkvæmdir ef vísbendingar verða um mengun. Umhverfisstofnun óskar eftir að viðbragðsáætlunin verði send stofnuninni þegar hún liggur fyrir.

Umhverfisábyrgð

Umhverfisstofnun bendir á að Hafnarfjarðarbær ber að tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni, skv. lögum nr. 55/2012. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið. Mikilvægt er að þetta komi fram í viðbragðsáætluninni.

Vöktunaráætlun

Í viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar við álitum Skipulagsstofnunar segir: „Hafnarfjarðarbær mun leggja fram tillögu um ákveðna vöktun á lífríki Ástjarnar og að það verði gert í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.“ Umhverfisstofnun hefur fengið þær upplýsingar frá sveitarfélaginu að verið er að vinna að vöktunaráætlun og hún verður send í til yfirferðar. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að vöktunaráætlunin liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.



UMHVERFIS STOFNUN Grunnvatnsmælir

Í umhverfismatsskýrslu segir að áður en framkvæmdir hefjast verður settur upp grunnvatnsmælir sem mælir vatnshæð Ástjarnar í rauntíma, (sívöktun). Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfjarðarbæ er verið að ganga frá samningi við Mannvit vegna vöktunar á grunnvatni Ástjarnar og fer mælir upp í næstu viku. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að mælirinn verður settur upp áður en framkvæmdir hefjast.

Teikningar

Í samþykktum teikningum er skilgreint mörkin á friðlandinu. Umhverfisstofnun bendir á að það vantar mörkin fyrir fólkvanginn.

Varptími

Í byggingarleyfinu er ekki fjallað um að hávaðasamar framkvæmdir eigi sér stað utan varptíma. Í umhverfismatsskýrslu segir að ekki verði unnið að hávaðasömum framkvæmdum á meðan varptíma stendur og er miðað við sömu dagssetningu og í skilmálum friðlýsingar þar sem umferð um svæðið er óheimil, þ.e. frá 1. maí til 15. júlí. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að ekki sé unnið að hávaðasömum framkvæmdum eða öðrum framkvæmdum sem trufla fuglalífið á varptíma. Nauðsynlegt er að þetta komi fram í byggingarleyfinu.

Húsgrunnur

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stofnunin fái teikningu með afmörkun á byggingargrunni knatthússins. Þar sem húsið liggur við mörk friðlandsins bendir stofnunin á að mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar. Sjái framkvæmdaraðili fram á að grunnurinn fari inn á friðlandið þá þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir með Skipulagsstofnun að verið sé að taka áhættu með því að reisa stórt knatthús steinsnar frá viðkvæmri náttúru líkt og ráðgert er. Verði byggingarleyfi veitt telur stofnunin nauðsynlegt að það verði fylgst vel með áhrifum framkvæmdanna á friðlýsta svæðið og að til staðar sé viðbragðsáætlun.

Virðingarfyllt

Hlín Gísladóttir

lögfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur